



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

# Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur 25. janúar 2006

## Lærum allar tungur en gleymum ekki okkar eigin

*Tungumálakunnátta eykur  
samkeppnishæfni*  
Aðalsteinn Leifsson




# Bylting í íslensku atvinnulífi

- Ísland er mitt í hringiðu hnattvæðingar – í viðskiptum menntun og menningu
- Hnattvæðingunnar gætir meira á Íslandi en víðast annars staðar hvort heldur þegar litið er á vöxt utanríkisviðskipta, hreifanleika vinnuafls, fjölda viðskiptaferða, upptöku tækninýjunga o.s.frv.
- Íslensk fyrirtæki eiga í alþjóðaviðskiptum á öllum sviðum atvinnulífs – ekki aðeins í sjávarútvegi – hnattvæðing nær til allra atvinnugreina
- Íslensk fyrirtæki eiga í viðskiptum í öllum heimsálfum – Danmörk – Bretland – Evrópa – Heimurinn!

# Ekkert fyrirtæki er ósnortið

- Íslensk fyrirtæki reka yfir 300 útibú og dótturfyrirtæki um allan heim
- Actavis: 25 fyrirtæki keypt á 5 árum
- Til viðbótar eiga Íslendingar a.m.k. 150 fyrirtæki um heim allan
- Meðal þeirra ríkja sem mestur áhugi er á að fara með viðskiptasendinefnd til á næstunni, skv. óformlegri könnun Utflutningsráðs, eru Indland, Kína, Rússland, Dúbæ og Óman...
- Bankar og flutningsfyrirtæki eru að huga að því að setja upp útibú í Kína og á Indlandi, þar sem íslensk fyrirtæki sjá margskonar tækifæri

# Alþjóðaviðskipti Ísland



- Mestur vöxtur í efnahagslífi og alþjóðaviðskiptum er í Asíu og Austur-Evrópu
- Innan 25 ára verður Kína stærsta viðskiptaveldi heims

# Fríverslunarsamningar – nýjir markaðir

| EFTA        | Ísland   | Viðræður   | Forviðræður | Yfirlýsingar | Aðrir      |
|-------------|----------|------------|-------------|--------------|------------|
| Ísrael      | ESB      | SACU       | GCC         | MERCOSUR     | Bandaríkin |
| Palenstína  | Færeyjar | Egyptaland | Indónesía   | Ukraína      | Rússland   |
| Rúmenía     |          | Kanada     | Kína        |              | Perú       |
| Búlgaría    |          | Tæland     |             |              |            |
| Mexíkó      |          |            |             |              |            |
| Síle        |          |            |             |              |            |
| Singapúr    |          |            |             |              |            |
| Marokkó     |          |            |             |              |            |
| Króatía     |          |            |             |              |            |
| Líbanon     |          |            |             |              |            |
| Tyrkland    |          |            |             |              |            |
| Jórdanía    |          |            |             |              |            |
| Suður Kórea |          |            |             |              |            |
| Túnis       |          |            |             |              |            |

# Við höfum góðan grunn...

| Samkeppnishæfni |               |
|-----------------|---------------|
| 1               | Hong Kong     |
| 2               | Singapúr      |
| 3               | Írland        |
| 4               | Lúxemborg     |
| 5               | Bretland      |
| <b>5</b>        | <b>Ísland</b> |
| 6               | Eistland      |
| 7               | Danmörk       |
| 8               | Bandaríkin    |
| 9               | Ástralía      |
| 9               | Nýja Sjáland  |

| Frjálsræði |               |
|------------|---------------|
| 1          | Bandaríkin    |
| 2          | Hong Kong     |
| 3          | Singapúr      |
| <b>4</b>   | <b>Ísland</b> |
| 5          | Kanada        |
| 6          | Finland       |
| 7          | Danmörk       |
| 8          | Sviss         |
| 9          | Ástralía      |
| 10         | Lúxemborg     |
| 11         | Tævan         |

# ...en verðum að gæta okkar

- Enskukunnátta er algerlega nauðsynleg í öllum atvinnugreinum
- Erlendar rannsóknir sýna fylgni á milli tungumálakunnáttu (umfram ensku) og árangurs á erlendum mörkuðum
- Ennfremur eru tengsl á milli tungumálakunnáttu og tekna einstaklingsins
- Skýrsla frá rannsóknarstofnun tungumála (CILT) segir að 75% stjórnenda franskra og þýskra alþjóðafyrirtækja líta á tungumálakunnáttu sem grundvallarskilyrði við ráðningu nýrra starfsmanna



- Þekking á tungumáli eykur skilning á menningu og byggir brýr á milli fólks
- Framtíðarvöxtur íslensks viðskiptalífs verður að stórum hluta á nýjum mörkuðum og í samskiptum við aðra menningarheima
- Við þurfum að aðlaga okkur öðrum viðskiptavenjum og stjórnunarstíl og annars konar hugsunarhætti og framkomu
- Tungumálakunnátta er lykill að þekkingu og skilningi á viðskiptaumhverfi í vaxandi mörkuðum!

***„...við verðum að breyta hugsunarhætti okkar. Við erum eyjaskeggjar og þurfum að leita út til umheimsins og tala tungumál annarra þjóða ef við ætlum að standast alþjóðlega samkeppni.“***

Formaður Samtaka iðnaðarins (CBI) í Bretlandi, Sir Digby Jones . Ágúst 2005

***„Bandarískir nemendur verða að tileinka sér meiri kunnáttu og færni í erlendum tungumálum til þess að við getum verið samkeppnishæf...“***

Fréttatilkynning þar sem forseti Bandaríkjanna, George W. Bush, kynnti þjóðaráttak í tungumálakennslu.  
Janúar 2006

# Hvað þurfum við að gera?

- Byrja enskukennslu þegar á fyrstu árum grunnskóla – helst 6 eða 7 ára
- Auka kennslu í öðrum tungumálum og byrja mun fyrr á tungumálakennslu
- Gæta þess sérstaklega að bjóða kennslu í tungumálum á nýjum og vaxandi mörkuðum, s.s. í kínversku, urdu, indónesísku, arabísku, spænsku, rússnesku...
- NB! Eitt af tíu börnum í leikskólum Reykjavíkurborgar eru af erlendum uppruna

...samkeppnishæfni er mikilvæg en...

***Þekking á erlendum tungumálum og menningu gerir lífið skemmtilegra og fyllra!***